



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2124  
komudagur 29.4.2011

27. apríl 2011  
SI-74543

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvið@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mat á skilaverði eignasafns Landsbanka Íslands hf., 563. mál á 139. löggjafarþingi.

Með tölvupósti dags. 11. apríl 2011, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Í greinargerð með tillögunni kemur m.a. fram að þar sem forseti Íslands hefði ákveðið að synja um staðfestingu laga nr. 13/2011, varðandi heimild til staðfestingar sk. Icesave-samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010. Með því væri hið margumrædda Icesave-mál komið á ný til afgreiðslu þjóðarinnar, og því þyrfti að tryggja að sem mest af upplýsingum lægju fyrir, en einnig, að einn af þeim þáttum sem nauðsynlegt væri að skoða nánar væri áætlað skilaverð eigna Landsbanka Íslands hf., þar eð einungis hefði verið stuðst við mat skilaneftindar bankans í þeim efnum.

Eins og kunnugt er, þá fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla þann 9. apríl 2011, þar sem lögð var fyrir kjósendur spurning um hvort lög nr. 13/2011 ættu að halda gildi eða hvort þau ættu að falla úr gildi, og leiddu úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar til þess að lög nr. 13/2011 féllu úr gildi. Seðlabankinn telur því ekki efni til þess að fjalla frekar um þingsályktunartillöguna, þar eð tilurð hennar er svo nátengd setningu laga nr. 13/2011 eins og áður greinir.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson,  
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir,  
aðallögfræðingur